

Skólaráðsfundur 13. júní 2016 kl. 17.20

Mætt: Svandís, Hólmfríður, Renata í stað Irynu, Freyja og Radek. Jón Sigmar var boðaður í stað Þorsteins en tímasetning fundar misfórst. Bryndís boðuð í stað Jónu, mætti ekki. Kjartan boðaður í stað Jóffu, mætti ekki.

1. Námsmat við Grunnskóla Borgarfjarðar eystra:

Seinni umræða. Skólaráð samþykkir þær breytingar sem gerðar hafa verið á námsmati. Tillagan verður send til samþykkis í skólanefnd.

2. Skóladagatal 2016-2017:

Seinni umræða. Skólaráð samþykkir skóladagatalið og vísar því til skólanefndar til samþykkis.

3. Viðhorfskönnun foreldra 2016:

Vegna lágs svarhlutfalls foreldra í könnuninni og af persónuverndarástæðum telur skólastjóri sér ekki unnt að greina opinberlega frá niðurstöðum hennar. Rætt um leiðir sem hægt er fara til að efla samstarf heimilis og skóla og áhrif foreldra á skólaþróun. Athuga mætti tölvuaðstoð fyrir foreldra til að svara rafrænt, sem og persónuleg samtöl í stað rafrænnar könnunar.

4. Ákvörðun um næsta þátt Heilsueflandi skóla:

Ákveðið að skólaárið 2016-2017 verði Mataræði/tannheilsa næsti þáttur Heilsueflandi skóla sem tekinn verður fyrir. Tillaga skólastjóra að vinnu næstu ára:

2017-2018 Nemendur og Heimili

2018-2019 Starfsfólk

2019-2020 Geðrækt og Lífsleikni

Skólaráð samþykkir tillöguna, með fyrirvara um sveigjanleika.

5. Starfsmannahald og nemendur skólaársins 2016-2017:

Að öllu óbreyttu verða 5 nemendur í grunnskólanum á næsta skólaári; tveir í 1. bekk, tveir í 4. bekk og einn í 6. bekk. 3 nemendur verða í leikskóla. Kennslumagn við grunnskólann verða 43 kennslustundir. Hingað til hefur engin umsókn borist um stöðu skólastjóra. Hólmfríður og Jóna Björg halda áfram störfum við stofnunina. Æskilegt væri í ljósi fækkunar nemenda og starfsfólks að skoða möguleika á samstarfi við skóla á Fljótsdalshéraði.

6. Skýrsla til Sprotasjóðs:

Skólastjóri kynnti skýrslu til Sprotasjóðs vegna styrks til verkefnisins „Fjölbreyttir kennsluhættir“. Skýrslan verður gerð opinber á heimasíðu skólans.

Önnur mál:

Rætt um hvaða möguleika skólinn hefur ef enginn sækir um skólastjórastöðuna. Áhyggjur foreldra af að frístundastarf verði ekki í boði á næsta skólaári gerðar kunnugar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19.10.

Fundargerð ritaði Hólmfríður